Reykjavík, 29. október 2026
FAS26100029

Borgarráð,

Fjármálastefna Reykjavíkurborgar 2027 – 2031

Lagt er til að borgarstjórn samþykki fjármálastefnu Reykjavíkurborgar fyrir árin 2027–2031. Stefnan setur fram langtímasýn, meginmarkmið og töluleg viðmið um fjármálastjórn borgarinnar. Hún er stjórntæki við gerð fjárhagsáætlunar og fimm ára áætlunar og við ákvarðanir um tekjuöflun, rekstur, fjárfestingar, fjármögnun og ráðstöfun eigna.

Stefnan setur umgjörð um fjármálastjórn borgarinnar. Henni er ætlað að tryggja fjárhagslegt svigrúm til að mæta efnahagslegum sveiflum og áföllum, og getu borgarinnar til að veita trausta þjónustu, viðhalda eignum og byggja upp innviði í þágu núverandi og komandi kynslóða. Stefnan byggir á fjármálaákvæðum sveitarstjórnarlaga og grunngildum laga um opinber fjármál: sjálfbærni, varfærni, stöðugleika, festu og gagnsæi. Jafnframt er tekið mið af ráðleggingum OECD um ábyrga fjármálastjórn.

Markmið og viðmið stefnunnar taka til A-hluta nema annað sé tilgreint. Áherslum gagnvart B-hluta er fylgt eftir með eigendastefnum. Stefnuna skal endurskoða innan sex mánaða frá sveitarstjórnarkosningum og þegar forsendur breytast verulega.

Jafnframt er lagt til að fjármála- og áhættustýringarsviði verði falið að undirbúa grunnreglur stefnunnar, móta og innleiða stjórntæki áætlunargerðar ásamt því að útfæra og festa í sessi stefnur og kerfi í samvinnu við fag- og kjarnasvið borgarinnar eftir því sem við á.

Hildur Björnsdóttir
borgarstjóri

Hjálagt:
Greinargerð með Fjármálastefnu Reykjavíkurborgar 2027 – 2031
Fjármálastefna Reykjavíkurborgar 2027 – 2031 – Drög.
Kynning á drögum að fjármálastefnu Reykjavíkurborgar og verkefnum í kjölfar samþykktar, dags. 29. okt. 2026.

Reykjavík

Greinargerð með Fjármálastefnu Reykjavíkurborgar 2027-2031

Nýr meirihluti Sjálfstæðisflokks, Viðreisnar og Framsóknarflokks, leggur nú fram endurskoðaða Fjármálastefnu Reykjavíkurborgar fyrir tímabilið 2027 – 2031. Stefnan er lögð fram samhliða frumvarpi að fjárhagsáætlun fyrir sama tímabil. Í samstarfsyfirlýsingu nýs meirihluta er lögð rík áherslu á skilvirka og örugga fjármálastjórn. Markmiðið er að rekstur borgarinnar sé sjálfbær og að fjárhagsleg markmið haldi. Sérstök áhersla er lögð á innleiðingu virkrar áhættustýringar, arðsemis- og ábatagreininga vegna fjárfestinga, árangursstjórnun og virkt útgjaldaeftirlit. Fjármálastefnan er helsta stjórntækið til að ná því fram.

Með stefnunni setur borgarstjórn sér fyrirfram markmið. Það skapar aga og fyrirsjáanleika fyrir íbúa, starfsfólk og lánveitendur. Töluleg markmið gera kleift að fylgjast með þróuninni og bregðast við áður en vandi raungerist.

Stefnan styrkir jafnframt viðnámsþrótt borgarinnar gagnvart breytingum á vöxtum, verðbólgu og öðrum ytri aðstæðum. Hún gerir kröfu um varfærnar forsendur, áhættumat og fjárhagslegar varnir, svo borgin geti mætt áföllum án skyndilegra skattahækkana eða niðurskurðar í þjónustu.

Meginefni stefnunnar

Framtíðarsýn stefnunnar er að fjármálastjórn borgarinnar tryggi sjálfbærni og stöðugleika til lengri tíma. Með ábyrgri forgangsröðun og hagkvæmri nýtingu fjármuna skili borgarsjóður rekstrarafgangi og standi undir skuldum og skuldbindingum á hverjum tíma. Þrjú meginmarkmið styðja við hana: fjárhagsleg sjálfbærni og stöðugleiki, árangursdrifin og hagkvæm nýting fjármuna, og skýr forgangsröðun og markvissar fjárfestingar.

Helstu áherslur stefnunnar eru þessar:

- **Rekstur og tekjur:** Rekstur A-hluta skili afgangi. Í fjárhagsáætlun verði óúthlutað rekstrarsvigrúm til að mæta frávikum, og hámark er sett á launakostnað. Eignasala, arðgreiðslur og aðrar óreglulegar tekjur verði ekki grundvöllur varanlegra rekstrarskuldbindinga. Fjárhagsáætlun byggi á raunhæfum forsendum, eftirliti og ábyrgð stjórnenda á rekstri.
- **Fjárfestingar og eignir:** Áhersla er á fyrirbyggjandi viðhald og líftímakostnað. Fjárfestingum er forgangsraðað á grundvelli samþætts mats. Áður en framkvæmd hefst liggi fyrir heildarkostnaðar- og tímaáætlun, arðsemis- og ábatagreiningar og ákvörðun um fjármögnun afleidds rekstrar. Hækkun heildarkostnaðarramma krefst rökstuddrar samþykktar og komið á virku eftirliti með kostnaði og framvindu á framkvæmdastigi.
- **Fjármögnun og skuldir:** Skuldsetning taki mið af greiðslugetu og lánstími af líftíma eigna. Gjalddögum verði dreift og lágmarkslausafé tryggt.
- **Áhættustýring:** Áhættustýring verði virkur og samþættur þáttur í fjármálastjórn. Borgarstjórn afmarki áhættuvilja með stefnumiðum, viðvörunarmörkum og lágmarks- eða hámarksviðmiðum. Áhættumat og álagspróf verði uppfærð árlega og sérstakur varúðarsjóður styrki lausafjárstöðu vegna mögulegra áfalla.

Fjárhagsleg markmið

Í stefnunni eru sett sex töluleg markmið fyrir A-hluta og tvö fyrir samstæðu A- og B-hluta, sem gilda á tímabilinu 2027–2031. Við ákvörðun viðmiða var horft til sambærilegra sveitarfélaga, ráðlegginga OECD og matsaðferða lánshæfismatsfyrirtækja.

A - hluti

- Rekstrarniðurstaða jákvæð.
- Launakostnaður verði undir 76% af samanlögðum útsvars- og Jöfnunarsjóðstekjum.
- Veltufé frá rekstri verði yfir 8% af tekjum.
- Veltufé frá rekstri sé 10% umfram afborganir lána og skuldbindinga.
- Skuldaviðmið A-hluta verði undir 100% af tekjum.
- Handbært fé verði yfir 10 ma.kr.

A- og B-hluti

- Jafnvægisviðmið A- og B-hluta sé jákvætt.
- Skuldaviðmið A- og B-hluta verði ekki hærra en 150%.

Viðmiðin fyrir samstæðu eru í samræmi við fjármálareglur sveitarstjórnarlaga. Markmiðin fyrir A-hluta eru strangari og skapa svigrúm til að bregðast við áður en lögbundnum mörkum er náð.

Innleiðing

Til þess að festa stefnuna í sessi og koma henni í virkni þarf að útfæra umgjörð hennar og ramma, móta og innleiða verklag við fjármálastjórn og áætlanagerð og útfæra og koma á viðeigandi stefnum og kerfum. Í kynningu stefnunnar er lagt fram yfirlit yfir mikilvæg verkefni sem koma til framkvæmda vegna innleiðingar á stjórntækjum stefnunnar.

Í fyrsta lagi þarf að skilgreina áhættuvilja og áhættumörk, svo ljóst sé hvenær bregðast þarf við áður en fjárhagsleg markmið bresta. Jafnframt þarf að ákveða stærð varúðarsjóðs og lágmarkslausafjár og setja reglur um nýtingu þeirra, svo varnirnar virki í áfalli.

Í öðru lagi þarf að formgera verklag og samþætt mat á fjárfestingum, til að draga úr hættu á framúrkeyrslu og ófjármögnuðum rekstri. Lántökuþörf, skuldaviðmið og forgangsröðun þarf að tengja markmiðum stefnunnar, svo fjárhagsáætlun hvers árs fylgi henni. Loks þarf lánastefnu, mat á ástandi eigna og reglulega endurskoðun rekstrar svo stefnan haldi til lengri tíma.

Áfangaskipting verkefna ræðst af því hvað þarf að liggja fyrir fyrst. Grunnreglur og rammar þurfa að vera tilbúnir áður en þeim er beitt í næsta fjárhagsáætlunarferli, og varanlegar stefnur og kerfi byggja á reynslunni þaðan. Alls eru verkefnin 25 og rauði þráðurinn er að innleiða áhættustýringu í fjármögnun, lausafjárstýringu og fjárfestingaáætlun svo eitthvað sé nefnt.

1. **Grunnreglur – umgjörð og rammar** (fyrstu mánuðir eftir samþykkt, 7 verkefni): áhættuvilji og áhættumörk, varúðarsjóður, rekstrarsvigrúm og lágmarkslausafé, reglur um gerð fjárhagsáætlunar, gjaldskrárstefna og verklag vegna framkvæmda.
2. **Áætlanagerð – mótun og innleiðing** (næsta fjárhagsáætlunarferli, 11 verkefni): áhættumat og lántökuþörf, skuldaviðmið og samsetning lána, matstæki forgangsröðunar og afleidds reksturs, stefnumiðuð áætlanagerð og eigendastefnur.
3. **Stefnur og kerfi – útfærsla og festing** (á gildistíma stefnunnar, 7 verkefni): lánastefna, fjárfestingastefna lausafjármuna, mat á ástandi eigna, endurskoðun rekstrar, mat á ábyrgðum og sjálfbærni og endurskoðun stefnunnar.

Lagt er til að fjármála- og áhættustýringarsviði verði falið að leiða innleiðinguna í samvinnu við fag- og kjarnasvið borgarinnar eftir því sem við á. Sviðið undirbúi grunnreglur stefnunnar, mótar og innleiðir stjórntæki áætlanagerðar og útfærir og festir í sessi stefnur og kerfi.



Fjármálastefna Reykjavíkurborgar 2027-2031

Lagt fram í borgarráði 29. október 2026

Reykjavík

FAS26100029

Fjármálastefna Reykjavíkurborgar 2027–2031

1. Tilgangur, gildissvið og tengsl

1.1 Tilgangur og gildissvið

Fjármálastefna borgarinnar fyrir árin 2027–2031 setur fram langtímasýn, meginmarkmið og viðmið um fjármálastjórn borgarinnar. Henni er ætlað að tryggja fjárhagslegt svigrúm til að mæta efnahagslegum sveiflum og áföllum, veita trausta þjónustu, viðhalda eignum og byggja upp innviði í þágu núverandi og komandi kynslóða.

Stefnan er stjórntæki í fjármálastjórn borgarinnar. Stefnan er nýtt við gerð fjárhagsáætlunar og fimm ára áætlunar og við ákvarðanir um tekjuöflun, rekstur, fjárfestingar, fjármögnun og ráðstöfun eigna. Í henni eru jafnframt settar kröfur um áhættustýringu og mat á fjárhagslegum árangri.

Markmið og viðmið stefnunnar taka til A-hluta nema annað sé tilgreint. Áherslum gagnvart B-hluta fyrirtækjum er fylgt eftir með eigendastefnum og framkvæmd eigendahlutverks borgarinnar, með hliðsjón af hlutverki, rekstrarformi og fjárhagsstöðu hvers fyrirtækis.

Borgarstjórn samþykkir stefnuna og breytingar á henni. Hana skal endurskoða innan sex mánaða frá sveitarstjórnarkosningum og eftir atvikum þegar forsendur breytast verulega.

1.2 Grundvöllur og tengsl við aðra stefnumörkun

Stefnan byggir á ákvæðum sveitarstjórnarlaga og reglugerða, einkum um fjárhagsáætlanir og viðmið um afkomu og fjárhagsstöðu. Grunngildi laga um opinber fjármál – sjálfbærni, varfærni, stöðugleiki, festa og gagnsæi – eru höfð að leiðarljósi.

Tekið er mið af ráðleggingum OECD um ábyrga fjármálastjórn, einkum um langtímasýn, fyrirsjáanlega fjárhagsramma, hagkvæma nýtingu fjármuna, gagnsæi og áhættustýringu, og um samþættingu efnahagslegra, samfélagslegra og umhverfislegra sjónarmiða við stefnumótun og ákvarðanatöku.

Áhersla er lögð á árangursstjórnun. Fjárhagsáætlun byggi á stefnumiðaðri áætlanagerð, með áherslu á stefnu, markmið og árangursvísa í einstökum málaflokkum. Stefnumörkun og framkvæmd málaflokka rúmist innan fjárhagsramma og viðmiða fjármálastefnunnar, og upplýsingar um árangur verði nýttar við forgangsröðun og ákvarðanir um fjárveitingar.

Reglur um gerð og framkvæmd fjárhagsáætlunar útfæra rammastjórnun, ábyrgð og verkaskiptingu, breytingar á fjárheimildum og reglubundið eftirlit í samræmi við stefnuna.

2. Framtíðarsýn og meginmarkmið

2.1 Framtíðarsýn

Fjármálastjórn Reykjavíkurborgar miði að því að tryggja sjálfbærni og stöðugleika til lengri tíma. Með ábyrgri forgangsröðun og hagkvæmri nýtingu fjármuna skili borgarsjóður rekstrarafgangi og standi undir skuldum og skuldbindingum á hverjum tíma.

2.2 Meginmarkmið

Þrjú meginmarkmið styðja við framtíðarsýn stefnunnar.

Fjárhagsleg sjálfbærni og stöðugleiki
Fjárhagur borgarinnar sé sjálfbær til lengri tíma og nægilegt svigrúm til að mæta efnahagslegum sveiflum og áföllum. Fjármálastjórn stuðli að stöðugleika og fyrirsjáanleika og taki mið af greiðslugetu og áhættuvilja borgarinnar.

Árangursdrifin og hagkvæm nýting fjármuna
Fjármunum er ráðstafað með ábyrgum og gagnsæjum hætti, með það að markmiði að hámarka árangur og gæði þjónustunnar í samræmi við það fjármagn sem til hennar er varið. Hagkvæmni er metin með heildstæðum hætti, með hliðsjón af heildarkostnaði, nýtingu aðfanga, gæðum þjónustunnar og þeim árangri sem hún skilar.

Skýr forgangsröðun og markvissar fjárfestingar
Fjármunum til rekstrar og fjárfestinga sé forgangsraðað innan sjálfbærs fjárhagsramma með áherslu á árangur til lengri tíma. Forgangsröðun byggist á samþættu mati á þjónustuþörf og efnahagslegum, samfélagslegum og umhverfislegum áhrifum. Lögð er áhersla á viðhald eigna til að varðveita verðmæti þeirra og þjónustugetu til lengri tíma.

2.3 Sjálfbærni

Fjárhagsleg sjálfbærni er grundvöllur stefnunnar, en jafnframt er horft til efnahagslegra, samfélagslegra og umhverfislegra vídda sjálfbærni:

- **Efnahagsleg sjálfbærni:** Ráðstöfun fjármuna styðji við þróttmikið atvinnulíf, húsnæðisuppbyggingu og traustan tekjugrunn borgarinnar. Uppbygging innviða og þjónustu taki mið af þróun borgarsamfélagsins.
- **Samfélagsleg sjálfbærni:** Fjármálastjórn styðji við jafnt aðgengi að grunnþjónustu og byggi á mati á áhrifum á ólíka hópa íbúa, m.a. við ákvarðanir um gjaldskrár og forgangsröðun fjárfestinga.
- **Umhverfisleg sjálfbærni:** Tekið sé mið af umhverfisþáttum með það að markmiði að starfsemi og ráðstöfun fjármuna borgarinnar stuðli að sjálfbærri nýtingu auðlinda.

3. Rekstur, tekjur og þjónusta

3.1 Afkoma og rekstrarsvigrúm

Rekstur A-hluta skili afgangi og sjóðstreymi sem stendur undir afborgunum lána og skuldbindinga og fjármagnar hluta fjárfestinga. Rekstrarsvigrúm sé nægilegt til að mæta óvissu og áhættu í rekstri.

Í fjárhagsáætlun verði skilgreint óúthlutað rekstrarsvigrúm til að mæta forsendubresti og frávikum í helstu tekju- og gjaldaliðum sem næmir eru fyrir breytingum í ytra umhverfi. Það stuðli að stöðugleika og aga í áætlanagerð og skapi svigrúm til viðbragða án þess að raska markmiðum stefnunnar eða kalla á skyndilegar skattahækkanir eða niðurskurð. Rekstrarsvigrúmið er tæki til áhættustýringar og verður hvorki nýtt til að fjármagna varanleg verkefni, viðvarandi rekstrarvanda eða aukið umfang starfsemi né takast á við áherslur í stefnumótun eða forgangsröðun verkefna.

Til að tryggja sjálfbærni í rekstri er sett hámark á launakostnað sem hlutfall af útsvars- og jöfnunarsjóðstekjum. Viðmiðið stuðlar að jafnvægi milli launaskuldbindinga og tekjugrunns borgarsjóðs og varðveitir svigrúm til annarra útgjalda.

3.2 Tekjuöflun og ráðstöfun tekna

Tekjuöflun byggist á ábyrgri nýtingu tekjustofna og fyrirsjáanleika í skattlagningu og gjaldskrám. Gjaldskrár taki mið af kostnaði við þjónustu, þjónustumarkmiðum og stefnu um kostnaðarþátttöku notenda, ásamt mati á áhrifum á ólíka tekjuhópa og aðgengi að þjónustu.

Við áætlanagerð verði greint á milli reglulegra tekna og einskiptistekna og lagt mat á óvissu og sveiflur í tekjum. Forsendur um sölu byggingarréttar, eignasölu og arðgreiðslur verði varfærnar hvað varðar fjárhæðir og tímasetningu. Eignasala, arðgreiðslur og aðrar óreglulegar tekjur verði ekki grundvöllur varanlegra rekstrarskuldbindinga.

Borgin geri kröfu um eðlilega arðsemi af eignarhlutum sínum í fyrirtækjum og arðgreiðslur sem taki mið af fjárbindingu, afkomu, fjárhagsstöðu og fjárfestingarþörf þeirra. Kröfurnar taki mið af hlutverki og áhættu hvers fyrirtækis og verði útfærðar í eigendastefnum.

3.3 Áætlanagerð, útgjaldaeftirlit og þjónustustig

Fjárhagsáætlun byggi á raunhæfum forsendum og skýrri ábyrgð stjórnenda á rekstri. Virkt eftirlit verði með útgjöldum og frávikum frá fjárhagsáætlun, frávik greind og brugðist við þeim tímanlega. Upplýsingar um framvindu og frávik verði lagðar reglulega fyrir kjörna fulltrúa.

Þróun rekstrarútgjalda í fjárhags- og fimm ára áætlun taki mið af íbúaþróun, aldurssamsetningu, þjónustuþörf og efnahagsumhverfi. Greint verði á milli áhrifa launa- og verðlagsbreytinga og breytinga á umfangi þjónustu. Tækifæri til stærðarhagkvæmni og samnýtingar verði nýtt til að halda aftur af raunvexti útgjalda og bæta þjónustu.

Þjónustustig taki mið af lögbundnum skyldum, samþykktum markmiðum og fjárhagslegri getu. Ný eða aukin þjónusta byggist á mati á þörf og kostnaði og hafi skilgreinda fjármögnun til lengri tíma.

Rekstur og fyrirkomulag þjónustu verði endurskoðuð reglulega með hliðsjón af heildarkostnaði borgarsjóðs, þjónustugæðum og árangri. Markvisst skipulag starfa, einfaldari verkferlar, hagkvæm og ábyrg innkaup, þar sem horft er til líftímakostnaðar og umhverfisáhrifa, og stafræn þróun stuðli að betri nýtingu fjármuna.

4. Fjárfestingar og eignastýring

4.1 Eignastýring, viðhald og endurnýjun

Eignastýring miði að því að varðveita verðmæti og þjónustugetu eigna og tryggja hagkvæma nýtingu þeirra til lengri tíma. Áhersla er lögð á fyrirbyggjandi viðhald og að viðhalds- og endurnýjunaráætlanir byggist á heildstæðu yfirliti yfir ástand eigna, nýtingu þeirra og framtíðarþörf þjónustunnar.

Við ákvarðanir um húsnæði og aðrar eignir verði metnir kostir samnýtingar, endurnýtingar og aðlögunar núverandi eigna. Fjárfestingar, kaup, sala og leiga eigna byggist á mati á þjónustuþörf, líftímakostnaði og rekstrarhagkvæmni starfseminnar.

4.2 Fjárfestingar og kostnaðarstýring

Fjárfestingum verði forgangsraðað í fjárfestingaáætlun borgarinnar á grundvelli samþætts mats á framkvæmdakostnaði, lögbundnum skyldum, viðhalds- og endurnýjunarþörf, þróun þjónustuþarfar og samfélagslegum ábata. Matið nái einnig til umhverfislegra áhrifa og taki umfang þess mið af stærð verkefnis.

Áður en samþykkt er að hefja framkvæmd skal liggja fyrir:

- heildarkostnaðar- og tímaáætlun með skýrum forsendum og mati á óvissu fyrir allan framkvæmdatímann,
- arðsemismat og ábatagreining með hliðsjón af líftímakostnaði valkosta
- samþætt mat á fjárhagslegum, samfélagslegum og umhverfislegum áhrifum,
- mat á kostnaðaráhrifum á framtíðarrekstur
- ákvörðun um fjármögnun afleidds rekstrar,

Umfang undirbúnings taki mið af stærð og áhættu verkefnis.

Í fjárhagsáætlun og fimm ára áætlun skal gera grein fyrir umfangi, tímasetningu og fjármögnun fjárfestinga. Umfang þeirra taki mið af getu rekstrar til fjármögnunar, að teknu tilliti til skuldbindinga og nauðsynlegs varúðarsvigrúms, og af raunhæfum forsendum um eignatekjur og lántökugetu. Áhrif fjárfestinga á framtíðarrekstur endurspeglist í fjárhagsáætlunum.

Á framkvæmdatíma verði fylgst reglulega með kostnaði, framvindu og frávikum frá samþykktri heildarkostnaðar- og tímaáætlun. Verulegar breytingar á kostnaði, tímasetningu eða öðrum forsendum kalli á endurmat á umfangi verkefnis og fjármögnun. Hækkun heildarkostnaðarramma krefjist sérstakrar, rökstuddrar samþykktar áður en stofnað er til skuldbindinga umfram samþykktar heimildir. Að verkefni loknu verði gert upp við áætlanir og lærdómurinn nýttur við undirbúning síðari verkefna.

5. Fjármögnun og skuldir

5.1 Skuldsetning og greiðslugeta

Skuldsetning borgarinnar taki mið af greiðslugetu, fjárfestingarþörf og skilgreindum áhættuvilja. Lántaka til fjárfestinga styðji við uppbyggingu sem skilar ávinningi til lengri tíma og rúmist innan getu rekstrar til að standa undir vöxtum, verðbótum og afborgunum. Lánstími taki mið af líftíma og notagildi þeirra eigna sem fjármagnaðar eru.

Skuldaviðmið verði rökstudd með langtímaáætlunum og álagsprófum. Stefnumið skuldsetningar verði sett þannig að svigrúm sé til að mæta óhagstæðri þróun áður en hámarki er náð.

5.2 Lánasamsetning og lausafé

Fjármögnun miði að hagkvæmum kjörum og fyrirsjáanlegri greiðslubyrði innan samþykktra áhættumarka. Samsetning lána taki mið af vaxtakjörum, verðtryggingu, gjaldmiðlum og líftíma og áhrifum þessara þátta á rekstur og fjárhagsstöðu. Áhættuvarnir vegna fjármögnunar byggist á skýrum heimildum og mati á mótaðilaáhættu.

Lágmarkslausafé utan varúðarsjóðs taki mið af greiðsluflæði og gjalddögum skulda og skuldbindinga. Varðveisla og ávöxtun lausafjár byggist á öryggi, aðgengi og ábyrgri meðferð

fjármuna innan lagaheimilda. Við mat á lausafé skal taka tillit til takmarkana á aðgengi og ráðstöfun fjármuna.

6. Áhættustýring

6.1 Áhættuvilji og áhættumörk

Áhættustýring skal vera virkur og samþættur þáttur í fjármálastjórn borgarinnar. Áhættumat og álagspróf liggi til grundvallar ákvörðunum um fjárhagsáætlun, fjárfestingar og fjármögnun. Fylgst verði reglulega með þróun áhættu.

Áhættuvilji borgarinnar ræðst af getu hennar til að mæta óhagstæðri þróun og áföllum án þess að stefna greiðslugetu, lögbundinni þjónustu eða fjárhagslegri sjálfbærni til lengri tíma í hættu. Borgarstjórn afmarkar ásættanlega áhættu með hliðsjón af þeirri getu og meginmarkmiðum stefnunnar.

Greint skal á milli stefnumiða, viðvörunarmarka og lágmarks- eða hámarksviðmiða. Tilgreina skal styrk og tímalengd áfalla sem borgin skal geta staðist og viðmið um afkomu, skuldsetningu og lausafé sem halda skulu.

6.2 Áhættumat og álagspróf

Við árlega áætlanagerð og verulegar breytingar á forsendum skal uppfæra heildstætt áhættumat og álagspróf sem taka til helstu fjárhagslegra áhættuþátta í rekstri, fjárfestingum og fjármögnun. Álagspróf byggist á raunhæfum sviðsmyndum og taki mið af samspili tekna, launa, lífeyrisskuldbindinga, vaxta, verðbólgu og fjárfestingarkostnaðar, ásamt áföllum í B-hluta og takmörkuðu aðgengi að fjármögnun.

Áhrif sviðsmynda verði metin á afkomu, sjóðstreymi, skuldaþróun og lausafé A-hluta og borin saman við samþykkt áhættumörk. Niðurstöður liggi til grundvallar ákvörðunum um rekstrarramma, fjárfestingar, fjármögnun og fjárhagslegar varnir.

6.3 B-hluti og aðrar skuldbindingar

Áhætta vegna B-hluta fyrirtækja, ábyrgða, lífeyrisskuldbindinga og annarra langtímaskuldbindinga verði metin með hliðsjón af áhrifum á fjárhag borgarinnar. Greina skal beinar skuldbindingar, mögulega skerðingu arðgreiðslna og þörf fyrir fjárhagslegan stuðning við fyrirtæki við áföll, með hliðsjón af hlutverki, rekstrarformi og fjárhagsstöðu hvers fyrirtækis.

Áhættunni verði fylgt eftir með reglulegri upplýsingagjöf og framkvæmd eigendahlutverks. Áður en nýjar ábyrgðir eru veittar eða stofnað er til annarra verulegra skuldbindinga skal liggja fyrir mat á lagaheimildum, áhættu og áhrifum á greiðslugetu og fjárhagslegt svigrúm borgarinnar.

6.4 Fjárhagslegar varnir og varúðarsjóður

Við stýringu áhættu verði metnar leiðir til að draga úr áhættu, dreifa henni eða mæta fjárhagslegum afleiðingum hennar. Val á vörnum taki mið af virkni, kostnaði og þeirri áhættu sem eftir stendur. Greint skal á milli rekstrarsvigrúms, aðgengilegs lausafjár og fjármuna í sjóðum og tryggt að sama svigrúm sé ekki talið til varna oftar en einu sinni.

Sérstakur varúðarsjóður verði tilgreindur í efnahag borgarinnar. Hlutverk sjóðsins er að styrkja lausafjárstöðu borgarsjóðs, stuðla að því að borgin geti staðið við skuldbindingar sínar og viðhaldið sjálfbæru fjárfestingastigi þrátt fyrir áföll. Varúðarsjóðurinn er tæki til áhættustýringar og verði ekki nýttur til að standa undir viðvarandi rekstrarvanda eða varanlegri aukningu

rekstrarútgjalda. Nýting hans komi ekki í stað nauðsynlegra ákvarðana um forgangsröðun eða endurskipulagningu rekstrar. Stærð taki mið af þeirri áhættu sem sjóðnum er ætlað að mæta. Forsendur um ávöxtun verði varfærnar og tekið tillit til aðgengis að fjármunum og mögulegrar verðrýrnunar þeirra við áföll.

7. Fjárhagsleg markmið og mælikvarðar

Borgin setur sér eftirfarandi fjárhagsleg markmið fyrir tímabilið 2027–2031 til að styðja við framtíðarsýn, meginmarkmið og áherslur stefnunnar. Við ákvörðun viðmiða er horft til sambærilegra sveitarfélaga, ráðlegginga OECD og matsaðferða lánshæfismatsfyrirtækja. Viðmiðin taka til reksturs, efnahags og sjóðstreymis.

A - hluti

- Rekstrarniðurstaða jákvæð.
- Launakostnaður verði undir 76% af samanlögðum útsvars- og Jöfnunarsjóðstekjum.
- Veltufé frá rekstri verði yfir 8% af tekjum frá árinu.
- Veltufé frá rekstri sé 10% umfram afborganir lána og skuldbindinga.
- Skuldaviðmið A-hluta verði undir 100% af tekjum.
- Handbært fé verði yfir 10 ma.kr.

A-hluti

#	Mælikvarði	Markmið
1	Rekstrarniðurstaða jákvæð	>0
2	Launahlutfall	<76%
3	Veltufé frá rekstri sem hlutfall af tekjum	>8,0%
4	Veltufé frá rekstri á móti afborgunum lána og skuldbindinga	>1,1
5	Skuldaviðmið A-hluta	<100%
6	Handbært fé (fjárhæðir í m.kr.)	>10.000

A- og B-hluti

- Jafnvægisviðmið A- og B-hluta sé jákvætt.
- Skuldaviðmið A- og B-hluta verði ekki hærra en 150%.

A- og B-hluti

#	Mælikvarði	Markmið
1	Jafnvægisviðmið	>0
2	Skuldaviðmið	<150%



DRÖG

Fjármálastefna Reykjavíkurborgar 2027–2031

Kynning 29. október 2026

Efni kynningarinnar

1. Tilgangur, gildissvið og tengsl
2. Framtíðarsýn, meginmarkmið og sjálfbærni
3. Rekstur, tekjur og þjónusta
4. Fjárfestingar og eignastýring
5. Fjármögnun og skuldir
6. Áhættustýring
7. Fjárhagsleg markmið og mælikvarðar

✓ **Verkefni eftir samþykkt stefnunnar**

Af hverju fjármálastefna?

INNGANGUR

Markmið: *Rekstur borgarinnar sé sjálfbær og fjárhagsleg markmið haldi. Fjármálastefnan er helsta stjórntækið til að ná því fram.*

Sérstök áhersla

- Virk áhættustýring
- Arðsemis- og ábatagreiningar fjárfestinga
- Árangursstjórnun
- Virkt útgjaldaeftirlit

Agi og fyrirsjáanleiki

- Borgarstjórn setur sér markmið fyrirfram
- Fyrirsjáanleiki fyrir íbúa, starfsfólk og lánveitendur
- Bregðast má við áður en vandi raungerist

Viðnámsþróttur

- Gegn breytingum á vöxtum, verðbólgu og ytri aðstæðum
- Varfærnar forsendur, áhættumat og varnir
- Áföllum mætt án skyndilegra skattahækkana eða niðurskurðar

Töluleg markmið gera kleift að fylgjast með þróuninni og bregðast við tímanlega.

Stjórntæki í fjármálastjórn borgarinnar

KAFLI 1

Tilgangur og gildissvið

- Langtímasýn og viðmið um fjármálastjórn 2027–2031
- Svigrúm til að mæta áföllum, veita trausta þjónustu og byggja upp innviði
- Stjórntæki við fjárhagsáætlun og fimm ára áætlun
- Gildir um A-hluta; B-hluti í eigendastefnum

Grundvöllur og tengsl

Grunngildi laga um opinber fjármál

Sjálfbærni | **Varfærni** | **Stöðugleiki** | **Festa** | **Gagnsæi**

- Byggir á fjármálaákvæðum sveitarstjórnarlaga
- Tekur mið af ráðleggingum OECD
- Áhersla á árangursstjórnun

Stefnumiðuð áætlanagerð: Markmið og árangursvísar hvers málaflokks innan fjárhagsramma

Framtíðarsýn og meginmarkmið

KAFLI 2

Framtíðarsýn: *Fjármálastjórn borgarinnar tryggi sjálfbærni og stöðugleika til lengri tíma. Með ábyrgri forgangsröðun og hagkvæmri nýtingu fjármuna skili borgarsjóður rekstrarafgangi og standi undir skuldum og skuldbindingum á hverjum tíma.*

Sjálfbærni og stöðugleiki

- Fjárhagur sjálfbær til lengri tíma
- Svigrúm til að mæta sveiflum og áföllum
- Stöðugleiki í takt við greiðslugetu og áhættuvilja

Hagkvæm nýting fjármuna

- Ábyrg og gagnsæ ráðstöfun fjármuna
- Hámarks árangur og gæði þjónustu fyrir fjármagnið
- Hagkvæmni metin út frá heildarkostnaði og árangri

Skýr forgangsröðun rekstrar og fjárfestinga

- Forgangsröðun innan sjálfbærs fjárhagsramma
- Samþætt mat á þjónustuþörf, efnahags, samfélags og umhverfis áhrifum

Sjálfbærni: Fjárhagsleg sjálfbærni er grundvöllur stefnunnar, en jafnframt er horft til efnahagslegra, samfélagslegra og umhverfislegra vídda sjálfbærni.

Afkoma og rekstrarsvigrúm

KAFLI 3

Afgangur af rekstri

- A-hluti skili afgangi og jákvæðu sjóðstreymi
- Standi undir afborgunum og hluta fjárfestinga
- Svigrúm til að mæta óvissu og áhættu í rekstri

> 0

Rekstrarniðurstaða jákvæð (kafli 7)

Óúthlutað rekstrarsvigrúm

TIL ÞESS AÐ

- Mæta forsendubresti og frávikum vegna ytri efnahagsumhverfis
- Forðast skyndilegar skattahækkanir og niðurskurð

EKKI RÁÐSTAFAÐ TIL

- Varanlegra verkefna
- Viðvarandi rekstrarvanda

Hámark launakostnaðar

- Til að tryggja sjálfbærni í rekstri
- Laun sem hlutfall af útsvari og Jöfnunarsjóði
- Verndar svigrúm til annarra útgjalda

< 76%

Markmið í kafla 7

Tekjuöflun, áætlanagerð og þjónusta

KAFLI 3

Tekjuöflun

- Fyrirsjáanleiki í sköttum og gjaldskrám
- Varfærnar forsendur um óreglulegar tekjur
- Arðsemiskröfur í eigendastefnum

Áætlanagerð og útgjaldaeftirlit

- Raunhæfar forsendur og skýr ábyrgð stjórnenda
- Virkt eftirlit með útgjöldum og frávikum
- Regluleg upplýsingagjöf til kjörinna fulltrúa

Þjónustustig og hagkvæmni

- Útgjöld fylgi íbúaþróun og þjónustuþörf
- Ný þjónusta hafi langtímafjármögnun
- Regluleg endurskoðun rekstrar

Lykilregla: Óreglulegar tekjur verði ekki grundvöllur varanlegra skuldbindinga

Fjárfestingar og eignastýring

KAFLI 4

Fyrirbyggjandi viðhald

Viðhalds- og endurnýjunaráætlanir byggi á heildstæðu yfirliti yfir ástand, nýtingu og framtíðarþörf eigna

Nýta það sem til er

Kostir samnýtingar, endurnýtingar og aðlögunar núverandi eigna metnir

Líftímakostnaður ræður

Fjárfestingar, kaup, sala og leiga byggi á þjónustuþörf, líftímakostnaði og rekstrarhagkvæmni starfseminnar

Fjárfestingar - ferlið

KAFLI 4

1 Forgangsröðun í fjárfestingaáætlun

SKILYRÐI: SAMÞÆTT MAT Á

- Framkvæmdakostnaði
- Lögbundnum skyldum
- Samræmi við stefnu
- Þjónustuþarfir
- Viðhalds- og endurnýjunarþörf
- Samfélagslegum ábata og umhverfisáhrifum

2 Samþykkt framkvæmdar

SKILYRÐI: FYRIR LIGGI

- Heildarkostnaðar- og tímaáætlun
- Arðsemismat og ábatagreining valkosta
- Samþætt mat á fjárhags-, samfélags- og umhverfisáhrifum
- Kostnaðaráhrif á framtíðarrekstur
- Ákvörðun um fjármögnun afleidds rekstrar

3 Kostnaðarstýring

Á FRAMKVÆMDATÍMA

- Eftirfylgni með kostnaði og frávikum
- Hækkun ramma krefst rökstuddrar samþykktar
- Uppgjör að verki loknu

Umfang fjárfestinga ræðst af getu rekstrar til fjármögnunar, skuldbindingum, varúðarsvigrúmi og raunhæfum forsendum um eignatekjur og lántöku

Fjármögnun og skuldir

KAFLI 5

< 100%
Skuldaviðmið A-hluta

< 150%
Skuldaviðmið A- og B-hluta

> 1,1
Veltufé frá rekstri / afborganir lána og skuldbindinga

Skuldsetning og greiðslugeta

- Skuldsetning taki mið af greiðslugetu, fjárfestingarþörf og áhættuvilja
- Lántaka styðji við uppbyggingu sem skilar langtímaávinningi
- Skuldaviðmið rökstudd með langtímaáætlunum og álagsprófum
- Stefnumið sett undir hámarki

Lánasamsetning og lausafé

- Fjármögnun miði að hagkvæmum kjörum og fyrirsjáanlegri greiðslubyrði
- Áhættuvarnir byggi á skýrum heimildum
- Lágmarkslausafé utan varúðarsjóðs
- Varðveisla lausafjár byggi á öryggi og aðgengi

Áhættuvilji og álagspróf

KAFLI 6

Meginregla: *Áhættustýring skal vera virkur og samþættur þáttur í fjármálastjórn borgarinnar. Áhættumat og álagspróf liggi til grundvallar ákvörðunum um fjárhagsáætlun, fjárfestingar og fjármögnun. Fylgst verði reglulega með þróun áhættu.*

Þrjú stig viðmiða

Stefnumið: markmið við eðlilegar aðstæður

Viðvörunarmörk: kalla á viðbrögð

Hámörk: mörk sem halda skulu, líka við áföll

Borgarstjórn tilgreinir styrk og tímalengd áfalla sem borgin skal standast.

Áhættumat og álagspróf

- Uppfært árlega og við verulegar breytingar á forsendum
- Sviðsmyndir: tekjur, laun, lífeyrisskuldbindingar, vextir, verðbólga og fjárfestingarkostnaður
- Áföll í B-hluta og takmarkað aðgengi að fjármögnun
- Áhrif á afkomu, sjóðstreymi, skuldir og lausafé A-hluta borin saman við áhættumörk

Varnir, varúðarsjóður og B-hluti

KAFLI 6

Rekstrarsvigrúm

Afgangur og óúthlutað rekstrarsvigrúm í fjárhagsáætlun

Aðgengilegt lausafé

Lágmarkslausafé utan varúðarsjóðs

Varúðarsjóður

Í efnahag: Styrkir lausafé og ver skuldbindingar og fjárfestingar við áföll – ekki fyrir rekstrarvanda

Sama svigrúm er aldrei talið oftar en einu sinni til varna

B-hluti og skuldbindingar

- Beinar skuldbindingar, skert arðgreiðsla og þörf fyrir stuðning við áföll metin
- Ábyrgðir og lífeyrisskuldbindingar teknar með
- Fylgt eftir með upplýsingagjöf og framkvæmd eigendahlutverks
- Engar nýjar ábyrgðir án mats á lagaheimildum, áhættu og greiðslugetu

Fjárhagsleg markmið og mælikvarðar

KAFLI 7

A-hluti

Mælikvarði	Markmið
Rekstrarniðurstaða jákvæð	> 0
Launahlutfall	< 76%
Veltufé frá rekstri sem hlutfall af tekjum	> 8,0%
Veltufé frá rekstri á móti afborgunum lána og skuldbindinga	> 1,1
Skuldaviðmið A-hluta	< 100%
Handbært fé (fjárhæðir í m.kr.)	> 10.000

Markmiðin gilda fyrir tímabilið 2027–2031.

Samstæða A- og B-hluta

> 0

Jafnvægisviðmið A- og B-hluta sé jákvætt

< 150%

Skuldaviðmið A- og B-hluta

Innleiðing í þremur áföngum

Áfangi 1 · Grunnreglur
Umgjörð og rammar
Fyrstu mánuðir eftir samþykkt

Útfæra umgjörð og ramma stefnunnar: áhættuvilja og áhættumörk, svo ljóst sé hvenær bregðast þarf við, ákveða varúðarsjóð og lágmarkslausafé svo varnirnar virki í áfalli.

7 verkefni

Áfangi 2 · Áætlanagerð
Mótun og innleiðing
Næsta fjárhagsáætlunarferli

Móta og innleiða verklag við fjármálastjórn og áætlanagerð: samþætt mat á fjárfestingum og tenging lántökuþarfar, skuldaviðmiða og forgangsröðunar við markmið stefnunnar.

11 verkefni

Áfangi 3 · Stefnur og kerfi
Útfærsla og festing
Á gildistíma stefnunnar

Útfæra og koma á stefnum og kerfum, svo sem lánastefnu, mati á ástandi eigna og reglulegri endurskoðun rekstrar, svo stefnan haldi til lengri tíma.

7 verkefni

Rauði þráðurinn: áhættustýring innleidd í fjármögnun, lausafjárstýringu, fjárfestingaáætlun og áhættur gagnvart B-hluta – með skýrum áhættumörkum og árlegum álagsprófum

Áhættustýring, fjármögnun og lausafé

1 Grunnreglur 2 Áætlanagerð 3 Stefnur og kerfi

Áhættustýring

- 1 **Áhættuvilji og áhættumörk** (6.1)
- 1 **Varúðarsjóður og rekstrarsvigrúm** (3.1, 6.4)
- 2 **Áhættumat og álagspróf** (6.2)
- 2 **Áhættustýring í áætlanagerð** (6.1–6.2)

Aukin áhersla: áhættumörk og álagspróf liggi til grundvallar ákvörðunum

Fjármögnun og lausafé

- 1 **Áhættumörk vegna fjármögnunar** (5.2, 6.1)
- 1 **Mat á lágmarkslausafé** (5.2)
- 2 **Mat á lántökuþörf** (5.1)
- 2 **Rökstutt skuldaviðmið** (5.1)
- 2 **Greining á samsetningu lána** (5.2)
- 3 **Gerð lánastefnu** (5.2)
- 3 **Fjárfestingastefna lausafjármuna** (5.2, 6.4)

Fjárfestingar, áætlanagerð og B-hluti

1 Grunnreglur 2 Áætlanagerð 3 Stefnur og kerfi

Fjárfestingar

1 **Verklag vegna framkvæmda** (4.2)

2 **Matstæki forgangsröðunar** (2.2, 4.2)

2 **Áhrif á framtíðarrekstur** (4.2)

3 **Heildstætt eignayfirlit** (4.1)

Áætlanagerð og rekstur

1 **Reglur um fjárhagsáætlun** (1.2, 3.3)

1 **Gjaldskrárstefna** (3.2)

2 **Stefnumiðuð áætlanagerð** (1.2)

2 **Tekjur og útgjaldaþróun** (3.2–3.3)

3 **Endurskoðun rekstrar** (3.3)

3 **Sjálfbærnimat** (2.3)

B-hluti og endurskoðun

2 **Rýning eigendastefna** (1.1, 3.2)

2 **Arðgreiðslustefnur B-hluta** (3.2)

3 **Mat á áhættum og ábyrgðum gagnvart B-hluta** (6.3)

3 **Endurskoðun stefnunnar** (1.1)



Reykjavík